

Tákn og vættir

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Málarinn Sveinn Björnsson hef36— ur tekið vestari sal Kjarvalsstaða undir víðamikla sýningu á málverkum, vatnslitamyndum, keramik, steinum og trémyndum.

Myndmál listamannsins er sem fyrr hrjúf náttúra landsins, ásamt huldufólki og öðrum duldu vættum, bernsk ævintýri á líkingamáli, sem endurtekur sig í sífellu og tekur á sig nýjar kynjamyndir í huga listamannsins.

Það er algvíst, að Sveini liggur heimlíkið á hjarta í listsköpun

sinni, svo mikið að á köflum ræður hann naumast við sköpunargáfunna, sem eins og flæðir stjórnlaustr fram. Hér er líkast sem um sé að ræða hliðstæðu duttungarfullrar og hömlulausrar veðráttu landsins og margvíslega tákngervinga sögunnar.

Og nú hefur Sveinn einnig leitad út fyrir ramma málverksins, málur á fjörusteina og trédrumba, auk þess sem hann reynir fyrir sér í leirlistinni. Hér eru það einkum andlitin á hinum áferðarmjúku og flötu steinum, sem athygli vekja, vegna þess hve vel þau njóta sín, líkt og þau hafi beðið eftir því að komast þangað og beina



Sveinn Björnsson við nokkur verka sinna.

Morgunblaðið/Emilfa

ásjónu sinni í kankvísinni ástleitni að umheiminum. Og þó eru það sömu andlitin og stundum virka svo framandi á dúkum listamannsins, kannski vegna þess að form og lögum hvers steins setur listamanninum vissar og lærdómsríkar

skorður.

Trédrumbarnir, sem ekki eru nema tveir, setja þó markverðan svip á sýninguna og eru líkastir tótemi heiðanna goða, tröllslegir og hrjúfir. Hin stóru myndskreyttu leirföt hafa ekki sama kyngikraft-

inn, enda gerir sú listgrein allt aðrar kröfur, og Sveini er frekar ósýnt um að feta sig á sviði yfirvegna og fáguna.

Í athyglisverðustu málverkum sýningarinnar svo sem „Vináttá“ (3), „Jónsmessunótt“ (18), „Huldukona með slör“ (28) og „Við erum vinir“ (37) virðist mér sem Sveinn sé í sókn og einkum er fyrstalda myndin sterk og safarík í lit í sinni einföldu og hrifmiklu gerð.

Allar þessar myndir prýða bestu kostir listamannsins og hér er sem hin stríða og sérlandaða sjálfsvitund hans finni samkennd sína í kórreittum listrænum búningi.

Pversumman af sýningunni er, að hér sé um að ræða listamann, sem er einskis taglhnýtingur nema eigin eðlis og sköpunarþarfar.

Basar Kvenfélags Háteigssóknar í Tónabæ

SUNNUDAGINN 5. nóvember kl. 1.30 heldur Kvenfélag Háteigssóknar árlegan basar sinn í Tónabæ.

Þar verða á boðstólum margir ágætir munir, en einnig verða þar

seldar kökur. Sömuleiðis verður selt kaffi með heitum vöflum og rjóma.

Kvenfélag Háteigssóknar hefir lagt Háteigskirkju til margvíslega fjárhagslega aðstoð og síðast kostaði það kórmynd úr mósaik, er Benedikt Gunnarsson listmálari hafði gjört. Hún kostaði mikið fé. Ágóða basarsins verður varið til greiðslu á eftirstöðvum kostnaðar við kórmyndina, sem nú prýðir kirkjuna.

Það er von okkar, að velunnarar Háteigskirkju styðji kvenfélagið í þessu efni með því að sækja þennan basar og gera um leið góð kaup. Prestarnir

Ættfræðinámskeið

hefst bráðlega hjá ÆTTFRÆÐIÞJÓNUSTUNNI (lýkur um miðjan desember). Leiðbeinandi Jón Valur Jónsson. Innritun í síma 27101 daglega. Ættfræðiþjónustan

21150-21370

LÁRUS Þ. VALDIMARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI KRISTINN SIGURJÓNSSON, HRL. LÖG. FASTEIGNAS.

Til sölu er að koma meðal annarra eigna:

Glæsileg efri hæð – tvíbýli

5-6 herb. 136 fm á útsýnisstað í Garðabæ. Innr. að mestu nýjar. Sólsvali. Allt sér (innng., hiti, þvottah.). Stór og góður bílskur 36 fm. Ræktuð lóð. Skipti möguleg. á einbýlish. að meðalstærð í Garðabæ.

Á vinsælum stað í Fossvogi

4ra herb. íb. á 2. hæð að meðalstærð. Svalir á allri suðurhlíð. Góð sameign. Ræktuð lóð. Sanngjarnt verð.

Í þrjúbýlishúsi við Langholtsveg

mikið endurn. 4ra herb. aðalhæð. Rúmg. lóð. Skipti möguleg. á litlu einbýlish. í Mosfellsbæ, Smábúðahverfi eða á Kjalarnesi.

Fyrir hina vandlátu

stórar og glæsilegar 3ja og 4ra herb. íbúðir í smíðum á vinsælum stað í Grafarvogi. Nú foheldar. Afh. í byrjun næsta árs fullbúnar undir trév. með fullgerðri sameign. Sérþvottah. og bílsk. fylgir hverri íb. Byggjandi Húni sf. Kynnið ykkur teikningar, frágangsskilmála og frábær greiðslukjör.

Endurbýggðar íbúðir í gamla bænum

Úrvalsgóðar einstaklingsíb. 2ja herb. við Hringbraut og Laugaveg í reisulegum steinhúsum á sanngjörnu verði.

Fjöldi fjársterkra kaupenda

M.a. óskast góð 2ja herb. íb. í borginni, sérh. miðsvæðis í borginni og einbýlis- og raðh. á einni hæð í borginni eða nágrenni. Margir bjóða útborgun fyrir rétta eign.

Opið í dag laugardag kl. 10.00 til kl. 16.00. Starfandi lögmaður.

ALMENNA FASTEIGNASALAN
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150-21370

Íslenskt mál

511. þáttur

Umsjónarmaður Gísli Jónsson

Gth. í Reykjavík skrifar mér svo: „Bestu þakkir fyrir fróðleiksþættina um íslenskt mál. Þeir hafa svo sannarlega veitt mér margvíslega aukna þekkingu á möðurmálinu.“

Við lestur 507. þáttar þins, þeim hluta þar sem þú fjallar um mannsnafnið Sturla/Sturli og endingarnar -la og -li, komu upp í hug mér nafngiftir sem konan mín... notaði í stað langamma og langafi. Hún bjó einfaldlega til heitin amma-la og afi-li, sem barnabarnabörn voru fljót að notfæra sér.

Rád hennar við tilbúning heitanna var þetta: Hún notaði aðeins fyrsta bókstafinn (l) í lang- og slepti hinum, en síðan bætti hún við síðasta bókstafnum í amma/afi og kemur þá út la/li. Þessari gæluendingu er svo bætt aftan við amma/afi og útkoman verður ammala – afili í stað langamma og langafi.

Nokkuð gott fannst okkur öllum og eithvað hlýlegra. Hvað finnst þér?

Kær kveðja.“

Jú, mér finnst þetta skemmtileg og hugvitssamleg tilbreyting. Hér er einmitt hlýleg, eins og maðurinn segir.

Ef þér gengur galium, grátandi og þvalium, óferjandi og -alium, áttu að taka valium.

(Þorgils Benediktsson)

Í gömlu vikivakavæði, heldur kímilegu, er þetta erindi:

Hver þá hleypur yfir um aðra, upp úr sumum sprettur blaðra, ámatlega dingla og daðra við dansinn larfatötrarnir, en þó fara skórnir hálfu ver. Heimskulega þær flussa og flaðra framan í sultar þræla. Það þarf engan yngismanninn tæla.

Ekki veit ég hvað þessi kveðskapur er gamall, en kannski er þetta fyrsta bókfesta dæmið um sögnina að daðra. Hún kemur ekki fyrir í fornun bókum. Í OM er hún talin merkja: 1) dilla daðra með rófunni, 2) dufla við, gefa undir fótinn. Í Íslenskri samheitaorðabók (ÍS) eru sömu meginlinur, en miklu fleiri samheiti gefin. Við nafnorðið daður stendur svo: augnagælur, ástleitni, dekur, dufl, fitl, flangs, glingur, gælur, kelerí, tildur.

Blöndal segir: „daðra með rófunni, logre með Halen; 2) kokettere, daðra við stúlku, flirte með en Pige.“

Á Hólum í Hjaltadal voru prentaðar 1756 (ég set titilinn stafréttan að gamni): „Þess Svenska Gustav Landkrons Og þess Engelska Bertholds Faabreytlegger Robinsons, Eður Lijfs Og Æfe Sögur.“ Þessar sögur hafði þýtt úr dönsku sr. Þorsteinn Ketilsson prófastur í Vaðalþingi, sat á Hrafnagili. Í þessari bók kemur sögnin að daðra fyrir í talsvert annari merkingu en nú er tíðast, en líklega næst uppruna. Hér hef ég nútímastafsetningu: „Ég hafði naumast hlaðið aftur byssuna, áður en við sáum tvö leon [=ljón] sem hristu makkann og döðruðu halanum af grimmd, þaug voru frá okkur svo sem 20 fátímál.“

Í „Skemmtilegri vinagleði“ sem Magnús Stephensen háyfirdómari lét prenta í Leirárgörðum 1797 er merkingin óljósari:

Aldrei gleymi ég úr þessu áfallinu á Þorláksmessu, hann Björgólf sem henda réð. Sú ógn bending er fyrir aðra upp frá þessu við að daðra og kjassa minna kvenfólkið.

Magnús stafsetti reyndar „quennfólkeð“, og það er stíll yfir fyrri hlutanum.

Í Þjóðólfi 1850 (bls. 160) er „Fíremerk“ látið tala við Þjóðólfi (persónugerðan). Markið segir:

„Hvernig er því varið? Það skilja fáir í látunum í þér. Þú ert að þessu daðri á hverjum bæ, svo að sumir hússbændur okkar eru farnir að læsa okkur niður í kistur, þegar þú kemur í hlaðið. Hvað kemur til þess að þú leggur slíkan hug á okkur, en ekki eins á systur okkar, hvorki Fimmörkin né Treimörkin?“

Prófessor Alexander Jóhannesson greinir sömu merkingar og OM og ÍS. Í norskum og sænskum mállýskum er sögnin að daðra, og í enskum og þýskum dadder, dather, dadderen í merkingunni að titra og þvil. Í færeysku darra= hanga laus, titra, ennfremur skylt hjá okkur dyðrill eða dyðrill=dyndill, svo og derra (sig), derringur og darka.


„Donatus kennir í fyrri bók sinni náttúru-parta þeirra allra, er hafa þarf í réttu latínu máli, og má engi maður fullkomlega vel skilja og mæla þá tungu, nema þessa bók kunni. Aðra bók gerði hann um löstu málsins, þá er verða kunnu í latínu máli og í þeim skáldskap, og að lyktum um það skrúð og fegrendi er verða má í sögnum og í máls greinum.“

Því ritaði hann um löstu þá er verða mega í málinu, að sá einn má mæla eða yrkja fagurlega, er hann veit bæði lof og löst á málinu, sem mælt er: Malum non vitatur nisi cognitum: Eigi má illan löst varast nema hann sé fyrri kenndur.“ (Ólafur Þórðarson hvítaskáld.)

Áslákur austan kvað:

Um íslenska spéflugla og spothafa ég spái að þeir hafi aðeins gott af að halda sig heima eins og horvellukleima og fara aldrei vestur til Ottawa.


KAUPTU NÚNA – BORGADU Á NÆSTA ÁRI



Verð frá kr. 139.000.-



Verð frá kr. 128.000.-



Verð frá kr. 149.000.-

HÚSHLUTIR HF.,
HRINGBRAUT 119, SÍMI 625045

Opið frá kl. 9–18.
Laugardaga frá kl. 11–15.